

ICELANDAIR: UPPGJÖR ÁRSINS 2025

- Met tekjur á árinu 223,6 milljarðar króna (1,7 milljarðar USD), aukning um 11% og um 17% í fjórða ársfjórðungi
- EBIT tap ársins nam 2,2 milljörðum króna (17,2 milljónum USD), jókst um 289 milljónir króna (3 milljónir USD) en batnaði um 252 milljónir króna (2,0 milljónir USD) á fjórða ársfjórðungi
- Verulegar breytingar í rekstrarumhverfinu höfðu áhrif á EBIT ársins, þar á meðal neikvæð gengisáhrif að fjárhæð 5,6 milljarðar króna (43,7 milljónir USD) vegna veikingar bandaríkjadals
- Tap eftir skatta minnkaði á árinu 2025, nam 1,2 milljörðum króna (9,5 milljónum USD) samanborið við 2,8 milljarða króna (20,2 milljónir USD) árið 2024
- Einingatekjur jukust um 2% á árinu og um 5% á fjórða ársfjórðungi
- Met sætanýting og farþegafjöldi fór í fyrsta sinn yfir fimm milljónir á árinu
- Icelandair eitt af stundvísustu flugfélögum í Evrópu árið 2025, með 83,9% stundvísi
- Sterk lausafjárstaða að fjárhæð 57,6 milljarðar króna (457,8 milljónir) í lok ársins, aukning um 14,0 milljarða króna (111,0 milljónir USD) á milli ára
- Áætlað er að umbótaverkefni sem ráðist hafði verið í við lok ársins muni skila yfir 12,8 milljörðum króna (100 milljónum USD) á ársgrundvelli

BOGI NILS BOGASON, FORSTJÓRI

„Fjórði ársfjórðungur gekk að mörgu leyti vel en rekstrarniðurstaða ársins var ekki í takt við það sem við lögðum upp með í byrjun árs. Við erum þó á réttari leið og á árinu 2025 skiluðum við met tekjum, fluttum yfir fimm milljónir farþega í fyrsta sinn í sögu félagsins og hefur sætanýting aldrei verið betri. Þá náðum við framúrskarandi stundvísi sem gerði okkur að einu stundvísasta flugfélagi í Evrópu og það hefur meðal annars skilað sér í ánægju viðskiptavina. Einnig skiluðum við met tekjum af Saga Premium vörunni og styrktum stöðu okkar sem leiðandi tengiflugfélag í Keflavík. Við höldum áfram að hagræða í rekstrinum og bæta framleiðni, og höfðum í lok ársins ráðist í umbótaverkefni sem við gerum ráð fyrir að muni skila yfir 100 milljónum dala á ársgrundvelli þegar þau verða komin að fullu til framkvæmda. Þar að auki bættum við arðsemi á milli ára í frakt- og leiguflegsstarfsemi okkar.

Á móti kemur að þær miklu breytingar sem urðu á rekstrarumhverfi okkar á síðasta ári höfðu verulega neikvæð áhrif á afkomu félagsins. Umrót í alþjóðamálum leiddi til veikingar bandaríkjadals sem hafði bein áhrif á afkomuna og á eftirspurn til Íslands frá Norður-Ameríku, okkar stærsta markaði, sem og neikvæð áhrif á tekjumyndun á Atlantshafsmarkaðnum. Þá hafa launahækkningar á íslenskum vinnumarkaði verið langt umfram þá þróun sem við sjáum í nágrannalöndum okkar sem er mikil áskorun fyrir þjónustumiðaðar útflutningsgreinar sem eru að mestu með tekjur í erlendri mynt. Þar til viðbótar hafa umhverfisgjöld tvöfaldast á milli ára.

Við munum halda ótrauð áfram að bregðast við þessum áskorunum og gera nauðsynlegar breytingar til að bæta reksturinn á öllum sviðum. Eitt af okkar mikilvægustu verkefnum eru samningar við flugstéttirnar sem eru lausir um þessar mundir. Viðræðurnar nú snúast fyrst og fremst um að tryggja samkeppnishæfni félagsins, meðal annars með auknum sveigjanleika, sem og að Icelandair verði áfram eftirsóttur vinnustaður. Á sama tíma þurfa stjórnvöld að tryggja samkeppnishæfni Íslands með fyrirsjáanlegu rekstrarumhverfi og með því að verja hagsmuni landsins þegar kemur að evrópsku regluverki. Sterkar alþjóðlegar flugtengingar eru lykilinnviðir sem styðja hagvöxt, útflutning, ferðaþjónustu og erlenda fjárfestingu, sérstaklega fyrir eyju þar sem aðrir samgöngumöguleikar eru takmarkaðir. Þar gegnir Icelandair lykilhlutverki, en skattspor félagsins á árinu 2025 var yfir 40 milljarðar króna.

Það er spennandi ár framundan með áframhaldandi þróun leiðakerfisins og nýjum áhugaverðum áfangastöðum. Með skýrum áherslum okkar í rekstrinum og frekari umbótaverkefnum þegar í þápnunum

erum við vel í stakk búin til að skila hagnaði á þessu ári og styrkja félagið til framtíðar því það er sannarlega komið að því að hluthafar Icelandair uppskeri eftir að hafa staðið með félaginu í mörg ár. Að lokum vil ég þakka starfsfólki fyrir seigluna og vel unnin störf á árinu og viðskiptavinum okkar fyrir að velja Icelandair.“

VEFÚTSENDING 6. FEBRÚAR 2026

Kynning á uppgjöri 4. ársfjórðungs og ársins 2025 verður í beinu streymi á <https://icelandairgroup.com>. Streymið hefst kl. 8:30 föstudaginn 6. febrúar 2026 þar sem Bogi Nils Bogason forstjóri og Ívar S. Kristinsson framkvæmdastjóri fjármála munu fara yfir uppgjörið og svara spurningum. Fundurinn verður á ensku. Kynningin verður aðgengileg að fundi loknum á heimasíðu félagsins og undir fyrirtækjafréttum á heimasíðu Nasdaq Nordic: <http://www.nasdaqomxnordic.com/news/companynews>

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

Fjárfestar: Íris Hulda Þórisdóttir, yfirmaður fjárfestatengsla. Netfang: iris@icelandair.is

Fréttamiðlar: Ásdís Ýr Pétursdóttir, forstöðumaður samskipta. Netfang: asdis@icelandair.is

FJÁRHAGSDAGATAL

- Aðalfundur, 12. mars 2026
- 1. Ársfjórðungur 2026 – 28. apríl 2026
- 2. Ársfjórðungur 2026 – 21. júlí 2026
- 3. Ársfjórðungur 2026 – 22. október 2026
- 4. Ársfjórðungur og árið 2026 – 4. febrúar 2027

LYKILTÖLUR

		4F 2025	4F 2024	Breyting	12M 2025	12M 2024	Breyting
Rekstrarniðurstaða							
Rekstrartekjur	USD þús.	406.478	348.781	57.697	1.740.886	1.570.607	170.279
þar af farþegatekjur	USD þús.	323.949	276.580	47.369	1.453.126	1.325.083	128.043
Rekstrarkostnaður	USD þús.	391.953	340.237	51.716	1.584.312	1.430.751	153.561
EBIT	USD þús.	-30.097	-32.105	2.008	-17.239	-14.211	-3.028
EBT	USD þús.	-40.177	-35.746	-4.431	-20.360	-24.807	4.447
Tap	USD þús.	-35.645	-30.575	-5.070	-9.527	-20.169	10.642
Efnahagur og sjóðstreymi¹							
Eignir	USD þús.	-	-	-	1.863.734	1.656.719	207.015
Eigið fé	USD þús.	-	-	-	286.422	269.067	17.355
Vaxtab. skuldir og nettó leiguskuldb.	USD þús.	-	-	-	693.861	637.687	56.174
Nettó vaxtab. skuldir og leiguskuldb.	USD þús.	-	-	-	328.026	382.890	-54.864
Heildar lausafjárstaða	USD þús.	-	-	-	365.835	254.797	111.038
Handbært fé til frá rekstri	USD þús.	8.432	11.820	-3.388	305.012	221.157	83.855
Fjárfestingar, brúttó	USD þús.	69.856	33.305	36.551	127.801	122.289	5.512
Fjárfestingar, nettó	USD þús.	58.253	33.193	25.060	112.130	117.730	-5.600
Helstu kennitölur							
Eiginfjárlutfall	%	-	-	-	15,4	16,2	-0,9 ppt
Hagnaður á hlut	US Cent	-0,09	-0,02	-	-0,02	-0,05	-
EBIT %	%	-7,4	-9,2	1,8 ppt	-1,0	-0,9	-0,1 ppt
Einingatekjur ²	US Cent	8,05	7,67	5%	8,06	7,92	2%
Meðalverð (e. yield)	US Cent	8,78	8,43	4%	9,01	8,94	1%
Einingakostnaður ²	US Cent	9,02	8,81	2%	8,33	8,18	2%
Einingakostnaður án eldsneytis ²	US Cent	7,13	6,97	2%	6,49	6,20	5%
Flutningatölur							
Fjöldi farþega	fjöldi	1.154.631	1.021.189	13%	5.060.898	4.665.268	8%
Farþegar til Íslands	fjöldi	371.393	331.195	12%	1.736.745	1.517.479	14%
Farþegar frá Íslandi	fjöldi	230.265	187.316	23%	895.627	773.041	16%
Farþegar um Ísland	fjöldi	488.263	439.267	11%	2.168.096	2.113.757	3%
Farþegar innan Íslands	fjöldi	64.709	63.411	2%	260.430	260.990	0%
Sætanýting	%	84,3	83,5	0,8 ppt	83,5	82,7	0,9 ppt
Framboðnir sætiskm. (ASK)	millj.	4.173	3.730	12%	18.520	17.159	8%
Seldir sætiskm. (RPK)	millj.	3.516	3.112	13%	15.470	14.186	9%
Fjöldi flugferða	fjöldi	4.390	3.964	11%	19.455	18.331	6%
Stundvísi millilandaflug (OTP)	%	83,3	76,8	7,3 ppt	83,9	82,7	1,2 ppt
Seldir frakt-tonn-km. (FTK)	þús.	37.629	41.766	-10%	138.298	140.665	-2%
Seldir blokk tímar	fjöldi	7.250	6.604	10%	27.515	21.236	30%
CO2 losun á hvern tonnkilómetra	fjöldi	0,68	0,70	-3%	0,70	0,73	-4%
Starfsmenn							
Meðalfjöldi stöðugilda	fjöldi	3.352	3.254	3%	3.520	3.575	-2%

¹ Samanburðatölur fyrir efnahag eru frá 31.12.2024

² Einingatekjur/Einingakostnaður: Tekjur og kostnaður á hvern framboðinn sætiskilómetra (ASK) í farþegaleiðakerfinu

FLUTNINGATÖLUR

- Fjöldi farþega var 1,2 milljónir í 4. ársfjórðungi, aukning um 13% milli ára
- Met einingatekjur og sætanýting þrátt fyrir 12% framboðsaukningu á milli ára í fjórðungnum
- Met stundvísi 83,3%

Framboð í farþegaleiðakerfi Ícelandair jókst um 12% á milli ára. Farþegaflutningar, mældir í seldum farþegakílómetrum (RPK), jukust um 13% og heildarfjöldi farþega nam 1,2 milljónum, sem er 13% aukning miðað við sama tímabil í fyrra. Miami var kynnt sem nýr áfangastaður

Í fjórðungnum ferðuðust 32% farþega til Íslands, 20% frá Íslandi, 42% voru tengifarþegar og 6% voru innanlandsfarþegar. Tekjuaukning varð á öllum mörkuðum, þó mest á markaðinum frá Íslandi þar sem fjöldi farþega jókst um 23%. Þessar niðurstöður undirstrika sveigjanleika leiðakerfisins og getu félagsins til að bregðast við breyttum aðstæðum á mörkuðum.

Skipting á milli markaða '000	4.ársfj. 2025	4.ársfj. 2024	Breyting	% af '25	% af '24
Til Íslands	371	331	12%	32%	32%
Frá Íslandi	230	187	23%	20%	18%
Um Ísland	488	439	11%	42%	43%
Innanlands	65	63	2%	6%	6%
Samtals	1.155	1.021	13%	100%	100%

Sætanýting var 84,3%, jókst um 0,8 prósentustig og hefur aldrei verið betri. Stundvísi var 83,3%, 6,5 prósentustigum hærri en á fyrra ári og Ícelandair var meðal stundvísustu flugfélaga í Evrópu. Þessi árangur er afrakstur bættrar áætlanagerðar og sameiginlegs átaks alls starfsfólks Ícelandair.

Flutt frakt mæld í tonnkilómetrum, dróst saman um 10% á fjórða ársfjórðungi. Leiguflugsstarfsemin hélt áfram að vaxa, og fjölgaði seldum blokk tímum um 10% á milli ára í fjórðungnum. Losun CO₂ á hvern tonnkilómetra (OTK) minnkaði um 3% á milli ára, sem má rekja til aukinnar nýtingar á sparneytnari flugvélum af gerðunum B737 MAX og A321 LR og bættrar sætanýtingar.

REKSTUR 4. ÁRSFJÓRÐUNGUR

- EBIT tap minnkar um USD 2 milljónir milli ára
- Mettekjur, aukning um 17% á milli ára
- Neikvæð áhrif veikingar bandaríkjadals á kostnað voru USD 17 milljónir, að teknu tilliti til gengisvarna.
- Nokkrir þættir höfðu neikvæð áhrif á kostnað, svo sem miklar launahækkanir á Íslandi, ófyrirséð viðhald á hreyflum og kostnaður vegna kolefniseininga

Rekstrartap (EBIT)

Rekstrartap (EBIT) var 30,1 milljón USD, og batnaði um 2,0 milljónir USD milli ára. Mettekjur voru í fjórðungnum, þrátt fyrir verðþrýsting á Atlantshafsmarkaðnum. Kostnaður hækkaði hins vegar vegna gengislækkunar USD gagnvart öðrum gjaldmiðlum, sérstaklega íslensku krónunni, launahækkana, auk nokkurra annarra þátta. EBIT af fraktstarfseminni lækkaði lítillega á milli ára, vegna minni fiskútflutnings til Bandaríkjanna, en leiguflugsstarfsemin skilaði sterku EBIT hlutfalli upp á 15%, sem hafði jákvæð áhrif á heildarafkomu.

Tekjur

Heildartekjur voru 406,5 milljónir USD, 17% hærri en á fyrra ári. Farþegatekjur voru 323,9 milljónir USD, samanborið við 276,6 milljónir USD á sama tímabili í fyrra, og hafa þær aldrei verið hærri í fjórða ársfjórðungi. Farþegatekjur jukust á öllum mörkuðum, mest á markaðinum frá Íslandi þar sem farþega fjöldi jókst um 23%. Tekjur af flugfrakt námu 21,4 milljónum USD, og drógust saman um 4% á milli ára, að mestu leyti vegna minni útflutnings til Bandaríkjanna vegna hærri innflutningstolla sem og minni laxaútflutnings. Leigutekjur námu 30,3 milljónum USD, og voru svipaðar á milli ára. Aðrar tekjur námu 30,9 milljónum USD, og hækkuðu um 11,5 milljónir USD á milli ára, að mestu leyti vegna hagnaðar af sölu rekstrarfjármuna.

Rekstrarkostnaður

Rekstrargjöld án afskrifta, námu 392,0 milljónum USD, og jukust um 15% á milli ára. Neikvæð áhrif gengislækkunar USD gagnvart öðrum gjaldmiðlum á kostnað, að teknu tilliti til gengisvarna, eru metin á um 17 milljónir USD.

Laun og launatengd gjöld jukust um 21,4 milljón USD og námu 124,3 milljónum USD á fjórða ársfjórðungi. Hækkunin er tilkomin vegna samningsbundinna launahækkana og neikvæðra áhrifa af sterku raungengi íslensku krónunnar. Að auki endurspeglar hækkunin einskiptiskostnað vegna uppsagna í nóvember. Á föstu gengi nam hækkunin um 13%. Fjöldi stöðugilda var að meðaltali 3.352 í fjórðungnum, sem er 3% fjölgun á milli ára þrátt fyrir 12% aukningu í framleiðslu, sem endurspeglar verulega framleiðniaukningu sem kemur að hluta á móti auknum launakostnaði. Fjöldi stöðugilda fyrir árið í heild fækkaði um 2% þrátt fyrir 8% framleiðsluaukningu, sem jafngildir 10% aukningu á framleiðni.

Eldsneytiskostnaður nam 84,2 milljónum USD í fjórðungnum, sem er 9,6 milljóna USD hækkun á milli ára vegna aukinnar framleiðslu og hærri losunargjalda, þrátt fyrir hagkvæmari flugvélaflota og 4% lækkun á eldsneytisverði. Vegið meðalverð eldsneytis Ícelandair, að teknu tilliti til afgreiðsluálags og varna, var 819 USD á tonn. Kostnaður vegna kolefnislosunarheimilda hækkaði í 13,4 milljónir USD úr 5,1 milljón USD árið 2024. Hækkunin stafaði einkum af 13% verðhækkun, viðbótarkostnaði heimilda vegna skuldbindinga frá fyrri tímabilum og færri friðheimildum en á síðasta ári. Að auki nam kostnaður vegna sjálfbærs flugvélaeldsneytis (SAF) 1,1 milljón USD á fjórðungnum, en enginn slíkur kostnaður féll til árið 2024. Á sama tíma hefur losun CO₂ á hvern tonnkilómetra (OTK) minnkað um 3% á milli ára.

Annar flugtengdur kostnaður nam 79,3 milljónum USD, og jókst um 15% á milli ára. Kostnaður vegna afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjalda jókst um 8% og nam 40,5 milljónum USD, vegna verðhækkana og 9% styrkingar EUR gagnvart USD. Viðhaldskostnaður flugvéla nam 39,0 milljónum USD, sem er 24% aukning á milli ára, að mestu leyti vegna ófyrirséðs viðhalds á hreyflum og auknum hreyflavarasjóðum vegna nýrra leiguvéla.

Annar rekstrarkostnaður nam 104,2 milljónum USD, og jókst um 10,1 milljón USD á milli ára. Aukningin er að mestu leyti tilkomin af meiri umsvifum, eins og breytilegum öðrum starfsmannakostnaði og dreifikostnaði. Auk þess höfðu neikvæðar gengisbreytingar og aukinn einskiptiskostnaður vegna umbreytingarverkefnisins ONE áhrif á heildarkostnað.

Afskriftir námu 44,6 milljónum USD, samanborið við 40,6 milljónir USD á sama tímabili í fyrra, og skýrist hækkunin af auknum fjölda flugvéla á rekstrarleigu.

Hrein fjármagnsgjöld

Hrein fjármagnsgjöld námu 12,0 milljónum USD í fjórða ársfjórðungi, sem er 8,0 milljóna aukning á milli ára. Vaxtatekjur námu 10,7 milljónum USD og jukust um 4,1 milljón USD. Vaxtagjöld námu 16,2

milljónum USD, sem er aukning um 5,9 milljónir. Gengistap nam 6,5 milljónum USD, samanborið við 0,4 milljónir USD í fyrra.

Einingatekjur og einingakostnaður

Einingatekjur (RASK) í fjórða ársfjórðungi 2025 voru 8,0 USD sent og hækkuðu um 5%. Tekjur á hvern seldan sætiskílómetra (e. yield) var 8,8 USD sent (+4%), og metsætanyting var í fjórðungnum, 84,3%, 0,8 prósentustigum hærri en á fyrra ári. Jákvæð þróun einingatekna var drifin áfram af sterkri tekjumyndun í Evrópuflugi, sérstaklega Suður-Evrópu, ásamt bætingu bæði á Saga Premium og á almennu farrými. Styrking einingatekna á almennu farrými var meiri en hún hefur verið undanfarna ársfjórðunga. Einingakostnaður (CASK) var 9,0 USD sent og hækkaði um 2%. Skýrist það aðallega af háu raungengi íslensku krónunnar, samningsbundnum launahækkunum og hækkun á flugtengdum kostnaði. Einingakostnaður án eldsneytis hækkaði um 2% á milli ára.

EFNAHAGUR OG SJÓÐSTREYMI

- Eigið fé 286 milljónir USD og eiginfjárlutfall 15%
- Lausafé alls 458 milljónir USD

Efnahagsreikningur

Heildareignir námu 1,9 milljörðum USD í lok árs 2025 og jukust um 207,0 milljónir USD frá því í byrjun árs, aðallega vegna sterkrar lausafjárstöðu og innleiðingar þriggja nýrra A321LR leiguvéla. Varanlegir rekstrarfjármunir námu 563,5 milljónum USD og leigugeignir námu 483,1 milljón USD. Eigið fé nam 286,4 milljónum USD og eiginfjárlutfallið var 15%. Vaxtaberandi skuldir og leiguskuldbindingar námu 693,9 milljónum USD og hækkuðu um 56,2 milljónir USD frá ársbyrjun, að mestu vegna flugvélatengdra fjárfestinga en þrjár A321LR flugvélar bættust í flotann. Nettó vaxtaberandi skuldir og leiguskuldbindingar námu 328,0 milljónum USD, sem er lækkun um 54,9 milljónir USD.

Lausafjárstaða

Handbært fé og markaðsverðbréf námu 365,8 milljónum USD í árslok 2025, sem er lækkun um 44,9 milljónir USD í fjórðungnum; þó 111,0 milljónum USD herra en á sama tíma í fyrra. Nettó sjóðstreymi frá rekstri nam 8,4 milljónum USD, sem er lækkun um 3,4 milljónir USD á milli ára. Nettó fjárfestingahreyfingar námu 49,0 milljónum USD, þar af voru nettó fjárfestingar (net capex) 58,3 milljónir USD. Nettó fjármögnunarhreyfingar námu 21,7 milljónum USD. Endurfjármögnun lána í fjórðungnum nam 19,4 milljónum USD og afborganir vaxtaberandi lána og leiguskuldbindinga námu 42,0 milljónum USD. Óáðregnar lánalínur félagsins námu 92,0 milljónum USD í lok árs, og að teknu tilliti til þeirra var heildar lausafjárstaðan 457,8 milljónir USD.

ÁHERSLUR Í SJÁLFBÆRNI

Sjálfbærni er samofin stefnu Ícelandair og leggur félagið áherslu á umhverfis-, félags- og stjórnarhætti (ESG). Lykiláherslur Ícelandair í sjálfbærnimálum eru loftslags- og umhverfismál, velferð starfsfólks og jafnrétti, öryggi og vellíðan viðskiptavina, ábyrg innkaup, ásamt því að greina og halda á lofti mikilvægi flugs fyrir íslenskan efnahag og samfélag.

Fyrir eyþjóð eins og Ísland eru öflugar flugsamgöngur lykilinnviðir sem styðja við hagvöxt, ferðapjónustu og aðrar atvinnugreinar, útflutning, og erlenda fjárfestingu. Árið 2025 hélt Ícelandair áfram virku samtali

við stjórnvöld og aðra hagaðila um að undirstrika mikilvægi flugsamgangna fyrir íslenskan efnahag. Þar á meðal beitti félagið sér fyrir því að áherslur stjórnvalda í loftslagsmálum tryggja að samkeppnishæfni íslenskra flugrekenda verði ekki skert, þar sem aðrir samgöngumáttar eru takmarkaðir. Frá 2019 til 2025 hefur Icelandair dregið úr kolefnislosun á hvern tonnkilómetra um 22%. Þessi árangur er fyrst og fremst vegna áherslu félagsins á endurnýjun flugflotans og rekstrarumbætur sem miða að bættri eldsneytisnýtingu. Skattspor Icelandair nam 41,3 milljörðum króna (USD 321,9 milljónir) á árinu 2025 og jókst um 17% frá fyrra ári. Þá er Icelandair einn stærsti vinnuveitandi landsins og var með að meðaltali 3.520 stöðugildi á árinu 2025.

Í sjálfbærnistefnu sinni leggur Icelandair einnig áherslu á jafnréttismál og vinnur að settum markmiðum um að bæta kynjajafnrétti á meðal stjórnenda og í flugtengdum störfum. Á árinu 2025 var hlutfall kvenflugmanna 13%, einu prósentu lægra en árið 2024. Karlkyns flugþjónar voru 17% á árinu, samanborið við 16% árið 2024. Hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn er 22% en hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn og forstöðumannastöðum samanlagt var 41% í árslok 2025.

Icelandair heldur áfram innleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins um upplýsingagjöf um sjálfbærni (CSRD) og meðfylgjandi sjálfbærnistaðla (ESRS). CSRD hefur tekið gildi innan Evrópusambandsins en hefur að svo komnu ekki verið innleidd á Íslandi.

HORFUR

- Áframhaldandi áhersla á markaðina til og frá Íslandi
- Staða Icelandair sem leiðandi tengiflugfélag á KEF sterk
- Umbreytingarverkefnið ONE heldur áfram að skila árangri

Framboðsaukning í leiðakerfinu um 2%

Árið 2026 mun Icelandair auka flugframboð um 2%, bjóða upp á ~6,3 milljónir sæta til yfir 60 áfangastaða og verða yfir 800 tengingar mögulegar innan leiðakerfisins. Þrír nýir áfangastaðir hafa verið kynntir – Feneyjar, Faro og Gdansk. Vöxturinn er að mestu utan háannatíma sumars, sem dregur úr árstíðasveiflu og bætir afkomu með betri nýtingu á innviðum fyrirtækisins allt árið. Sumaráætlun félagsins hefur verið aðlöguð að nýlegum breytingum á heildarframboði til og frá Íslandi, með áherslu á vöxt til Evrópskra áfangastaða.

Góðar bókunarhorfur

Við upphaf ársins 2026 eru bókunarhorfur heilt yfir jákvæðar. Markaðurinn frá Íslandi er áfram mjög sterkur og einkennist af miklum ferðavilja. Bókanir á markaðnum til Íslands frá Evrópu hafa styrkst á milli ára, en eftirspurn frá Norður-Ameríku er veikari. Tengimarkaðurinn yfir N-Atlantshafið er enn tiltölulega veikur, þar sem eftirspurn frá Evrópu til Bandaríkjanna hefur dregist saman. Góður árangur hefur náðst í sölu á Saga Premium farrýminu sem heldur áfram að vera mjög eftirsótt.

Sterk staða sem leiðandi tengiflugfélag á KEF

Staða Icelandair sem leiðandi tengiflugfélag á Keflavíkurflugvelli er sterk. Miðað við núverandi markaðsaðstæður leggur Icelandair aukna áherslu á markaðina til og frá Íslandi á sama tíma og félagið tryggir áfram góðar tengingar í leiðakerfinu. Í því skyni hefur félagið dregið lítillega úr framboði til og frá Norður-Ameríku en aukið áherslu á Suður-Evrópu og Skandinavíu.

Bætt nýting flugvéla í farpegaleiðakerfinu

Icelandair ráðgerir að reka 41 flugvél sumarið 2026, þar af 21 Boeing 737 MAX og sex Airbus A321LR en tvær þeirra verða afhentar á fyrsta ársfjórðungi. Airbus vélarnar auka sveigjanleika í leiðakerfinu og styðja við vöxt utan háannatíma, auk þess að styðja við sjálfbærnivegferð félagsins. Sem hluti af

flotaendurnýjun yfir í sparneytnari flugvélar voru fjórar Boeing 757 teknar úr rekstri fyrir lok árs 2025 og verður öllum rekstri Boeing 767 breiðpotna hætt fyrir lok árs 2026.

Góðar horfur í frakt- og leiguflugsstarfsemi

Horfur í fraktflutningum eru áfram jákvæðar og gert er ráð fyrir að afkoman verði áfram góð. Áfram verður lögð áhersla á rekstrarhagkvæmni, þar sem undirstaðan er sterk markaðsstaða, og á að nýta saman flutningsgetu farpegaleiðakerfisins og fraktvélar félagsins fyrir flutninga til og frá Íslandi. Sömuleiðis er gert ráð fyrir að leiguflugsstarfsemin muni halda áfram að skila góðri afkomu. Félagið er með 11 vélar í rekstri í þessari starfsemi, þar af átta í langtímaverkefnum. Eftirspurn eftir heimsferðaverkefnum er enn mikil, en félagið hefur byggt upp sterka stöðu á þessum markaði.

Miklar launahækkunar á Íslandi og sterk króna skapa áskoranir fyrir útflutningsgreinar

Útflutningsgreinar á Íslandi standa frammi fyrir vaxandi áskorunum vegna áveggja lykilþátta: miklum launahækkunum, sérstaklega hjá hinu opinbera, og sterkri íslenskri krónu. Árið 2025, hækkuðu laun á Íslandi um 9% samkvæmt launavísitölu, sem er mun meiri hækkun en í helstu samanburðalöndum, svo sem á evrusvæðinu og Norðurlöndunum (3-4%) og í Bandaríkjunum (5%). Á sama tíma hefur krónan styrkst verulega og hækkað um 10% gagnvart bandaríkjadal ásamt því að þrálát innlend verðbólga hefur ýtt raungengi krónunnar nær sögulegu hámarki. Hár launakostnaður og sterk króna draga þannig úr samkeppnishæfni og skapa áskoranir fyrir sjálfbærni útflutningsgreina.

Markmið kjarasamningsviðræðna að tryggja samkeppnishæfni og eftirsótt störf í flugrekstri

Sem hluti af endurskipulagningu félagsins á árinu 2020, gerði Ícelandair langtímakjarasamninga sem gerðu félaginu kleift að ná fyrri styrk á árunum eftir heimsfaraldurinn. Samningarnir runnu út seint á árinu 2025 og eru viðræður nú hafnar. Markmið þeirra eru að tryggja samkeppnishæfni félagsins, styðja við þróun flotans og leiðakerfisins, og sveigjanleika sem er nauðsynlegur í alþjóðaumhverfi, til viðbótar við að Ícelandair verði áfram eftirsóttur vinnustaður.

Umbreytingarvegferðin ONE að skila árangri og 233 verkefni hafa verið innleidd

Yfir 500 umbótaverkefni hafa verið skilgreind og 233 þeirra hafa verið innleidd, bæði á kostnaðar- og tekjuhlið, þar af 198 á árinu 2025. Gert er ráð fyrir að þessi verkefni muni skila yfir 100 milljónum USD á ársgrundvelli þegar þau verða komin að fullu til framkvæmda. Á árinu skilaði umbreytingarvegferðin ávinningi að fjárhæð 70 milljónir USD.

Dæmi um umbótaverkefni á tekjuhliðinni er yfirgripsmikið verkefni sem miðar að því að auka tekjur með skilvirkari og hraðari ferlum innan núverandi tekjustýringakerfis. Félagið er stöðugt að endurbæta vöru- og þjónustuframboð sitt með því að aðskilja ákveðna þjónustupætti sem gefur viðskiptavinum meira val.

Aðgerðir sem miða að því að auka skilvirkni eru nú þegar farnar að skila sér í lægri rekstrarkostnaði. Sem dæmi má nefna aukna sjálfvirknivæðingu, skipulagsbreytingar, bættu framleiðni, ásamt aðgerðum til að draga úr eldsneytiskostnaði. Aðskilnaður þjónustupátta kemur einnig til lækkunar kostnaðar. Umbreytingarvegferðin hefur til viðbótar við að skila fjárhagslegum ávinningi, styrkt samvinnu, gagnsæi og nýsköpun innan félagsins, ásamt því að tryggja að öryggi sé ávallt í fyrirrúmi í allri ákvarðanatöku.

Staða eldsneytisvarna

Taflan hér að neðan sýnir stöðu eldsneytisvarna félagsins í lok fjórða ársfjórðungs 2025. Eins og sjá má hafa 39% af áætlaðri eldsneytisnotkun í leiðakerfinu næstu 12 mánuði verið varin með meðalverði upp á 671 USD á tonn.

Tímabil	Áætluð notkun	Magn varið í tonnum	% af áætlaðri notkun	Vegi meðal verð
1F 2026	67.622	20.700	31%	698
2F 2026	101.486	39.500	39%	678
3F 2026	113.902	53.900	47%	661
4F 2026	77.832	25.000	32%	661
12 mánuðir	360.842	139.100	39%	671
1F 2027	67.622	6.000	9%	660
2F 2027	101.486	14.000	14%	658
13-18 mánuðir	169.108	20.000	12%	659

AFKOMUHORFUR 2026

Félagið gerir ráð fyrir að afkoma á árinu 2026 batni milli ára. Gert er ráð fyrir að heildarframboð aukist um 2% á árinu með sérstakri áherslu á vöxt utan háannar. Vöxtur á fyrsta ársfjórðungi mótast að hluta til af því að páskar eru fyrr á þessu ári en í fyrra. Gert að ráð fyrir því að einingakostnaður án eldsneytis hækki minna en árið 2025 vegna umbótaverkefna sem ráðist hefur verið í og betri nýtingar innviða allt árið um kring. Þá er ráðgert að þróun einingatekna verði umfram þróun einingakostnaðar, sem leiðir til bættrar framlegðar. Helstu ástæður eru sterk staða Ícelandair á Keflavíkurflugvelli, góð bókunarstaða og skipulag leiðakerfisins sem hefur verið aðlagð fyrir sumarið 2026 með meiri áherslu á áfangastaði í Evrópu. Áætlað er að afkoma af leigu- og fraktstarfsemi verði áfram góð.